

Björgun ehf.
Sigurður R Helgason
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

2003120018
6513; 9310

Reykjavík, 27. maí 2005
/--

Efni: Efnistaka úr lóni sunnan Leiruvegjar og austan Eyjafjarðarbrautar eystri, Eyjafjarðarsveit. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Björgunar ehf. dags. 15. júní 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt efnistaka úr óshólmum Eyjafjarðarar, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 2 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Eyjafjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Eyjafjarðarsveit með bréfi dags. 11. ágúst 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 13. júlí 2004, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 25. júní 2004, Umhverfisstofnun með bréfum dags. 1. júlí 2004, 18. mars og 9. maí 2005, Vegagerðinni með bréfi dags. 28. apríl 2005 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 22. júní 2004. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 11. og 12. ágúst 2004, 2. mars, 18. apríl, 10. og 12. maí 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé efnistaka á 6-7.000 m² svæði í lóni fyrir botni Eyjafjarðar sem afmarkist af Leiruvegi (þjóðvegi 1) til norðurs, Eyjafjarðarbraut eystri til vesturs og brekkurótum Vaðlaskógar til austurs. Tilgangur framkvæmdarinnar sé sá að efni þurfi til 2,7 ha landfyllingar meðfram austurbakka lónsins fyrir íbúðarbyggð og áætluð efnistaka verði um 41.000 m³. Fyrirhuguð efnistaka fari fram á svæði sem komi ekki upp úr á stærstu fjörum, dýpkun lónsins verði um 6,5 m á um 6 - 7.000 m² svæði á 60 m breiðu beltum meðfram austara hluta Eyjafjarðarbrautar eystri en ekki verði farið nær vegi en 15 m frá fláa vegarins. Upphafleg áform Björgunar voru þau að taka efni á um 15.000 m² svæði sem hefði í för með

sér dýpkun á lóninu allt að 2-4 m. Fram kemur að dæling efnisins muni taka 5-8 vikur. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er bent á að vestan Eyjafjarðarbrautar, sem afmarkar lónið til vesturs, fari fram efnistaka í dag.

Áhrif á lífríki. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að lónið hafi orðið til við gerð Eyjafjarðarbrautar eystri á 9. áratug síðustu aldar og megi segja að þá hafi svæðið verið slitíð frá leirum Eyjafjarðarar og þeim því raskað með lagningu vegarins. Lónið sé grunnt, þar gæti sjávarfalla og lítið vatn sé í því á háfjöru. Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé hluti svæðis nr. 510 á Náttúruminjaskrá: „*Hólmarnir, Akureyri, Eyjafjarðarsveit (áður Öngulstaðahreppur), Eyjafjarðarsýslu. (1) Óshólmar Eyjafjarðarar ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinnar suður á móts við suðurodda Staðareyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar* “. Leirur í Eyjafirði falli undir 37.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en samkvæmt þeirri grein skuli leirur njóta sérstakrar verndar og skuli forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að silungur gangi inn í lónið og haldi sig að mestu næst ræsi undir Leiruveg. Um tveggja ára skeið hafi fiski verið sleppt í lónið en því hafi nú verið hætt og sportveiði sé leyfð í og við lónið. Fram kemur að á árabílinu 1994-1999 hafi um 50.000 fuglar verið taldir í óshólum Eyjafjarðarar og þar af hafi um 3200 fuglar eða um 6,4 % af heildarfjöldanum verið á lóninu. Lónið sé um 4% af heildarstærð alls óshólmasvæðisins og algengustu fuglarnir séu hettumáfur, jaðrakan, æður, stormmáfur, sendlingur, lóupræll, sílamáfur, rauðhöfðaönd, kría, skúfönd, silfurháfur, tjaldur, stökkönd, hávella og toppönd. Fram kemur að lónið sé ekki síður mikilvægur staður fyrir varpfugla og unga þeirra þegar líði á sumarið en æðarvarp fari fram í vegkanti við lónið. Í skýrslu um fuglalíf á Leirum fyrir botni Eyjafjarðarar sem fylgdi gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að teknar hafi verið saman niðurstöður talninga á fuglum að vorlagi á Leirunni fyrir botni Eyjafjarðar á árunum 1994-2004 til þess að gefa nánar til kynna hvernig fuglalífi sé háttað á fyrirhuguðu efnistökusvæði og hvert mikilvægi þess svæðis sé með tilliti til fuglalífs miðað við óshólmasvæðið í heild sinni. Fram kemur að Leiran sé um 70% af leirum Norðurlands. Fram kemur að lónið sé um 6% alls talningarsvæðis Leirunnar. Svæðið sé talið mikilvægt fyrir helming algengustu tegundanna á Leirunni, þ.e. stökkönd, skúfönd, æður, tjald, sendling, lóupræll, jaðrakan og stelk og sé fjöldi þeirra meiri en hlutfallsleg stærð svæðisins. Fram kemur að mikilvægasta fæðusvæði vaðfugla á fyrirhuguðu efnistökusvæði sé leiran norðan tangans sem gangi vestur í lónið um miðbik þess. Á fjöru nái þessi leira frá austurbakkanum vestur í mitt lónið og frá tanganum langleiðina norður að ræsinu á Leiruvegi. Talið sé að hætta verði á að fæðusvæði fuglanna raskist verulega verði efni dælt upp úr þessum hluta lónsins og geti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir fuglana því óvíst sé hvort þeir hafi möguleika á að sækja fæðu á önnur svæði Leirunnar, t.d. vegna samkeppni milli einstaklinga. Þetta sé ekki síst alvarlegt í ljósi annarra tillagna sem liggja fyrir um framkvæmdir á Leirunni, t.d. breikkun öryggissvæða Akureyrarflugvallar og sandnám norðan hólmanna að Leiruvegi. Röskun fæðusvæða Leirunnar geti einnig haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þá varpfugla í óshólmunum t.d. stelk og jaðrakan, sem sækja fæðu sína í Leiruna og gæti friðun varpsvæða í óshólmunum því verið í uppnámi ef fæðusvæði fuglanna verði skert. Fram kemur að talið sé að efnistaka á svæðinu muni valda minnstri röskun ef hún fari fram á tímabilinu september til mars og vænlegast sé að taka efni sunnan tanga sem gangi út í lónið eða norðan Leiruvegar í

stað þess að dæla upp úr nyrðri hluta lónsins vestan og norðan leirunnar sem kemur upp á fjöru.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að staðsetning svæðisins með tilliti til laga nr. 44/1999 um náttúruvernd gefi tilefni til samráðs við Umhverfisstofnun varðandi tímasetningu og fyrirkomulag framkvæmda þegar að þeim komi. Fram kemur að hægt verði að haga efnistöku þannig að hún fari fram á tímabilinu frá september til mars.

Samræmi við skipulagsáætlanir og leyfi. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 sé lónið skilgreint sem vatn en ekki sé skilgreind nein sérstök landnotkun þar. Meðfram þjóðvegi 1 liggja ljósleiðari og í hlíðinni austan við lónið séu skilgreindir reitir fyrir skógrækt og frístundabyggð. Í vinnslu sé deiliskipulag fyrir óshólma Eyjafjarðarár, vestan Eyjafjarðarbrautar og því sé lónið utan deiliskipulagssvæðisins.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að sækja þurfi um leyfi til sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar áður en til framkvæmda komi og leita þurfi umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi sé veitt í samræmi við 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Vegagerðarinnar og veiðimálastjóra kemur fram að ekki sé talið að fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að efnistaka í norðanverðu lóninu innan við Leiruveg og Eyjafjarðarbraut eystri geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á einstakar tegundir fugla í ósum Eyjafjarðarár. Hins vegar sé ólíklegra að áhrifin verði umtalsverð ef feni verður tekið í lóninu sunnanverðu eða norðan Leiruvegar og efnistakan fari fram á tímabilinu september til mars.

Eyjafjarðarsveit telur ekki þörf á umhverfismati vegna efnistöku í lóninu austan Eyjafjarðarbrautar þar sem svæðið sé utan skilgreindra marka friðlands og útivistasvæðis í óshólum Eyjafjarðarár. Sveitastjórnin telji að fara þurfi fram mat á umhverfisáhrifum ef efnistaka fari fram á svæði sem sé innan verndarsvæðisins vestan Eyjafjarðarbrautar.

Áhrif á lífríki. Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslu um fuglalíf komi fram að lónið austan Eyjafjarðarbrautar eystri sé greinilega mikilvægt fyrir helming algengustu fuglategundanna á Leirunni, þ.e. stökkönd, skúfönd, æður, tjald, sendling, lóupræl, jaðrakan og stelk, en fjöldi þessara tegunda þar sé meiri en hlutfallsleg stærð svæðisins. Í skýrslunni komi einnig fram að mikilvægasta fæðusvæðið fyrir vaðfuglana sé leiran norðan tangans sem gangi vestur í lónið um miðbik þess. Röskun á því svæði geti haft veruleg áhrif á afkomu fyrrgreindra tegunda en einnig haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir varpfugla í óshólmunum sem nýti leiruna sem fæðusvæði. Einnig komi fram í skýrslunni að fyrirhuguð sé íbúðarbyggð á nyrðri hluta lónsins en það sé sá hluti lónsins sem sé mikilvægasta fæðusvæðið fyrir vaðfugla og þar með lakasti

kosturinn varðandi efnistöku. Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun að efnistaka í norðanverðu lóninu innan við Leiruveg og Eyjafjarðarbraut eystri, þ.e. norðan tangans, geti svæðisbundið haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á ákveðnar tegundir fugla en verði efni tekið sunnan tangans sem gengur vestur í lónið um miðbik þess eða norðan Leiruveg og fari efnistakan fram á tímabilinu september til mars sé ólíklegra að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun bendir einnig á að líta verði til þess að upplýsingar vanti um fjölda fugla er nýtir svæðið yfir sumarið. Umhverfisstofnun telur að ef meta ætti hugsanleg umhverfisáhrif efnistökkunnar yrði einnig að líta til hugsanlegra sammögnunaráhrifa með öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum á Leirunni fyrir botni Eyjafjarðar. Samkvæmt auglýstri tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2028 sé gert ráð fyrir töluverðum landfyllingum á leirunni vegna stækkunar á öryggissvæði flugvallarins sem og mikilli efnistöku. Þá sé samkvæmt tillögu að deiliskipulagi óshólmasvæðis Eyjafjarðarár gert ráð fyrir efnistöku á leirunum og sé stór hluti leiranna á milli Eyjafjarðarbrautar eystri og flugvallarins afmarkaður sem efnistökusvæði á auglýstri skipulagstillögu. Efnistaka á Leirunni og áformaðar landfyllingar vegna strandbyggðar og stækkunar á öryggissvæði Akureyrarflugvallar geti því haft í för með sér umtalsverða röskun á búsvæði og fæðusvæði fugla og þar með afkomu þeirra í ósum Eyjafjarðarár.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að markmið framkvæmdaraðila með samantekt fuglatalninga á athugunarsvæðinu hafi fyrst og fremst verið til að fá yfirlit yfir hvernig fuglalífi væri háttað þar en einnig til að fá leiðbeiningar um hvernig best væri að haga efnistöku á svæðinu með tilliti til fuglalífs og dragi skýrsluhöfundar þá ályktun að efnistaka norðan tangans sé lakasti kosturinn en mæla með efnistöku sunnan tangans eða norðan Leiruveg. Eins og fram komi í fuglaskýrslu sé mikilvægasta fæðusvæðið fyrir vaðfugla tengt leirunni sem nái frá austurbakkanum vestur í mitt lónið. Framkvæmdaraðili telur því óraunhæft að alhæfa um að allt svæðið norðan tangans sé óráðlegt til efnistöku með tilliti til fuglalífs eins og gert sé í umsögn Umhverfisstofnunar. Taka verði tillit til umfangs efnistökkunnar og þess að leirur nái aðeins inn á mitt lónið sem þýði að hinn helmingur lónsins norðan tangans falli ekki undir þá skilgreiningu að vera mikilvægt fæðusvæði fyrir fugla þó svo hluti þeirra haldi þar til. Við nánari skoðun lónsins hafi komið í ljós að hluti þess, eða um 60 m breitt belti um 150 m suður með Eyjafjarðarbraut eystri, komi ekki upp úr á stærstu fjörum og væri hægt að nema allt efnið innan þess. Þannig yrði efnið numið 10 m frá vegi á um 6-7000 m² svæði. Efnistökusvæðið myndi þá nema um 4-5 % af heildarstærð lónsins. Í upphaflegum gögnum framkvæmdaraðila hafi verið gert ráð fyrir efnistöku á um 15.000 m² svæði en í samræmi við ofangreint og til að lágmarka áhrif á fugla, verði efnistaka á helmingi minna svæði en dælt yrði niður á allt að 6,5 m dýpi í stað 2-4 m eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fram kemur að þau svæði sem Umhverfisstofnun leggi til að unnið verði úr séu að mörgu leyti mun óhentugri fyrir framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili telji að með því að halda efnistöku utan við leirusvæðið verði staðbundin umhverfisáhrif efnistöku í lóninu í lágmarki með tilliti til fuglalífs. Til að lágmarka möguleg áhrif enn frekar verði unnt að halda efnistöku frá september til mars.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í skýrslunni um fugla á Leirunni séu ekki eingöngu gerðar athugasemdir við efnistöku á leirunni sem komi upp á fjöru heldur við

efnistöku á nyrðri hluta lónsins. Efnistaka á þessum hluta lónsins sé því vart forsvaranleg, óháð því hvort efnistakan sé á sjálfri leirunni sem komi upp úr á fjöru eða þar fyrir utan. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að 6-8 m djúp gryfja sem myndast við efnistöku utan við leiruna muni væntanlega kalla á tilflutning á efni innan svæðisins og geti sá flutningur á efni haft áhrif á leirusvæðið og raskað því. Þau frekari gögn sem Umhverfisstofnun hafi borist breyti í engu fyrri afstöðu stofnunarinnar.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að sett sé fram tillaga um efnistöku í þeim hluta lónsins sem ekki komi upp úr á fjöru og nemi svæðið um 4-5% af heildarstærð lónsins. Með því og að efnistaka fari fram á tímabilinu september til mars telji framkvæmdaraðili að tekið sé ýtrasta tillit til fuglalífs á lóninu. Fram kemur að það að 6-8 m djúp gryfja sem myndast við efnistöku utan við leiruna muni væntanlega kalla á tilflutning á efni innan svæðisins séu ekki byggðar á traustum grunni. Reynsla framkvæmdaraðila á efnistöku af þessum toga sýni að tilflutningur efnis innan svæðis sé minniháttar. Með tímanum muni set sem berist með árvatni fylla upp í gryfjurnar og hafi lónið undanfarin ár smám saman verið að fyllast upp af seti.

Í umsögn veiðimálastjóra er bent á að framkvæmdin sé aðeins byrjunin á þróun verulegrar byggðar á umræddu svæði, sem gæti haft áhrif á ósasvæðinu, ef ekki sé vel gengið frá frárennsli byggðarinnar og því sé lagt til að litið sé á þetta mál eins heildstætt og kostur er.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili og sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar geri sér grein fyrir því að leysa þurfi frárennismál á farsælan hátt og sé það tæknilegt úrlausnarefni sem skoða þarf gaumgæfilega í framhaldinu.

Samræmi við skipulagsáætlanir og leyfi. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er þess óskað að það fái til umsagnar tillögur að deiliskipulagi vegna skipulagningar íbúðabyggðar á fyrirhugaðri uppfyllingu, t.d. hvað varðar öflun neysluvatns, tilhögun frárennslis og hreinsun skólps. Vakin er athygli á að námuvinnsla, starfsmannabúðir og verkstæðisaðstaða sé háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Í umsögnum Umhverfisstofnunar er bent á að efnistaka sé háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga. Leita beri umsagnar stofnunarinnar um fyrirhugaða efnistöku skv. 37. og 38. gr. laga nr. 49/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi sé veitt.

Vegagerðin bendir á að helgunarsvæði Eyjafjarðarbrautar eystri og Hringvegur sé 30 m í hvora átt frá miðlinu veganna og efnistaka innan þess svæðis sé ekki heimil nema í samráði og með leyfi Vegagerðarinnar.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í kjölfar ofangreindrar umsagnar hafði samráð farið fram milli framkvæmdaraðila og Vegagerðarinnar á Akureyri. Vegagerðin heimili efnistöku með þeim skilyrðum að ekki verði farið nær fláafæti vegar en 15 m og halli frá þeim stað út í lónið verði einn á mótí tveimur, eða flatari. Komi í ljós skemmdir á veginum, svo sem sig, skrið eða úrskolun, sem rekja má til framkvæmdarinnar, beri framkvæmdaraðili kostnað við lagfæringar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða um 41.000 m³ efnistöku á um 6-7.000 m² svæði í lóni fyrir botni Eyjafjarðar sem afmarkast af Leiruvegi (Þjóðvegi 1) til norðurs, Eyjafjarðarbraut eystri til vesturs og brekkurótum Vaðlaskógar til austurs. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað efnistökusvæði er innan svæðis á Náttúruminjaskrá og fellur undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt þeirri grein njóta leirur sérstakrar verndar og forðast skal röskun þeirra eins og kostur er. Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hafa verið gerðar kröfur um ítarlegri upplýsingar um fuglalíf svæðisins og mikilvægi þess fyrir fugla og hefur framkvæmdaraðili brugðist við þeim að hluta. Fram hefur komið að leirur á Norðurlandi séu fáar og víða í hættu vegna vegagerðar og uppfyllinga. Leirur fyrir botni Eyjafjarðar séu allt að 70% af heildarflatarmáli allra leira á Norðurlandi og sé fyrirhugað efnistökusvæði sunnan Leiruvegar og austan Eyjafjarðarbrautar eystri talið mikilvægt fyrir stökkönd, skúfönd, æður, tjald, sendling, lóupræl, jaðrakan og stelk. Svæðið norðan tangans sem gengur út í miðbik lónsins sé mikilvægt sem fæðusvæði fugla og geti verið hætta á að það raskist verulega vegna framkvæmdanna. Umhverfisstofnun hefur bent á að efnistaka í norðanverðu lóninu, hvort sem hún fari fram á sjálfri leirunni sem komi upp úr á fjöru eða þar fyrir utan, sé vart forsvaranleg og geti svæðisbundið haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á ákveðnar tegundir fugla. Verði efni tekið sunnan umrædds tanga eða norðan Leiruvegar og á tímabilinu september til mars telur Umhverfisstofnun hins vegar ólíklegra að fyrirhuguð efnistaka muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Fyrir liggur að leirunni á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað með myndun lónsins í kjölfar lagningar Leiruvegar og Eyjafjarðarbrautar eystri. Þrátt fyrir þessa röskun er lónið, sérstaklega norðurhluti þess, mikilvægt svæði fyrir algengar tegundir andfugla og vaðfugla. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna framkvæmdaraðila og umsagna Umhverfisstofnunar að fæðusvæði fugla í lóninu, þ.e. algengustu andfugla og vaðfugla sem halda sig á Leirunni fyrir botni Eyjafjarðar, muni raskast vegna framkvæmdanna og að svæðisbundið verði áhrifin veruleg fyrir þessar fuglategundir verði efni dælt upp úr nyrðri hluta lónsins. Þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki mjög umfangsmikill hluti búsvæða fugla á Leirunni og í óshólmum Eyjafjarðarár, þær tegundir sem sækja í svæðið eru algengar og efnistaka fer fram á tímabilinu september til mars telur Skipulagsstofnun að áhrifin séu ekki líkleg til að verða umtalsverð í skilningi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna að áhrif efnistöku í sunnanverðu lóninu og norðan Leiruvegar á tímabilinu september til mars muni ótvírætt valda minni röskun á fuglalífi svæðisins og séu áhrifin ekki líklegt til að verða veruleg.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila hefur komi fram að tilgangur framkvæmdarinnar sé gerð landfyllingar á um 2,7 ha svæði við austurbakka lónsins norðanvert fyrir íbúðarbyggð. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð landfylling fyrir íbúðarbyggð í austanverðu lóninu, ásamt

tilheyrandi ónæði muni hafa áhrif á fugla á svæðinu umfram þau áhrif sem fyrirhuguð efnistaka mun hafa.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögn Umhverfisstofnunar hefur komið fram að áhrif fyrirhugaðrar efnistöku og landfyllingar geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir fyrrnefndar fuglategundir í ljósi áforma um enn frekari mannvirkjagerð á Leirunni, þ.e. landfyllinga vegna stækkunar öryggissvæðis Akureyrarflugvallar ásamt efnistökusvæða á stórum hluta Leirunnar milli Eyjafjarðarbrautar eystri og flugvallarins. Þessi áform eru sett fram í auglýstri tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 1998-2028, auglýstri tillögu að deiliskipulagi óshólma Eyjafjarðar og tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2003-2023 sem er í vinnslu. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila hefur þegar átt sér stað töluverð efnistaka á Leirum vestan Eyjafjarðarbrautar. Ekki hafa verið metin umhverfisáhrif þeirra landfyllinga og efnistöku sem getið er um hér að ofan en einstakar fyrirhugaðar framkvæmdir kunna að hafa samlegðaráhrif m.a. á fuglalíf óshólma Eyjafjarðar og Leirunnar fyrir botni Eyjafjarðar. Eins og fram hefur komið hér að framan eru fyrrnefnd framkvæmdaáform fyrirhuguð á svæði sem hefur mikið gildi m.a. vegna mikils fuglalífs og staðfest er í Náttúruminjaskrá og aðalskipulagi Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar. Ljóst má vera að marka þarf stefnu um nýtingu óshólma Eyjafjarðar og Leirunnar fyrir botni Eyjafjarðar þ.e. hvaða hlutar svæðisins verði nýttir, hverjir verndaðir og hvernig mannvirkjum verður best fyrir komið þannig að áhrif á umhverfið, þar með talið fugla, verði sem minnst.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð efnistaka úr lóni sunnan Leiruveggar og austan Eyjafjarðarbrautar eystri, Eyjafjarðarsveit, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð efnistaka kallar á breytingu á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014. Framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt skv. 37 og 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. júní 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Eyjafjarðarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra,

Umhverfisstofnun, Vegagerðin á Akureyri og Veiðimálastjóri.